

# Leiðbeiningar fyrir fígúranta

Kynningarrit fyrir aðstoðarfólk í björgunarhundapjálfun



Uppfært í maí 2014

## Leiðbeiningar fyrir fígúranta

Fígúrantar eru einstaklingar sem eru tilbúnir að aðstoða við þjálfun í öllum veðrum og umhverfi með því að leika týnda og slasaða einstaklinga. Allt er þetta gert í sjálfböðastarfi.

Til þess að þjörgunarhundur sé tilbúinn til að leita að týndu fólki í alvöru aðstæðum er nauðsynlegt að nota alvöru fólk sem hluta af þjálfuninni. Fígúrantarnir okkar eru ómissandi í þjálfunarferlinu, það má aldrei gleyma þeirri staðreynd.

### Leitarhlutinn

Það er mjög mikilvægt að fígúrantarnir viti hvert markmið æfinganna sé. Við viljum venja hundinn á stikkorð í hvert skipti sem hann á að fara af stað í leit að fólki. Þetta er kallaður leitarhlutinn. Leitin á að vera undir mátulega mikilli stjórn eigandans, en það er undir eigandanum komið að beina hundinum á áhrifaríkan hátt um svæðið til að hundurinn leiti allt leitarsvæðið, m.a. með tilliti til vindstefnu.

### Markeringin

Þegar hundurinn loks finnur þann týnda verður hann að gera eiganda sínum það ljóst, en það er kallað *markering*. Hundurinn markerar annað hvort með því að gelta eða taka bitkubb, *bringsel*, upp í kjaftinn og skila til eigandans. Hjá hundi sem markerar með gelti er hin fullkomna markering þannig að hundurinn geltir hjá þeim týnda, kemur aftur til eigandans og geltir hjá honum, fer aftur til þess týnda og geltir þar og svo framvegis, þar til hundurinn hefur vísað eigandanum á þann týnda. Þessi aðferð er stundum kölluð að *gelta í báða enda*. Þetta ferli getur tekið nokkrar mínútur ef hundurinn er langt í burtu frá eigandanum eða ef svæðið er erfitt yfirferðar.

Það fer eftir aldri, reynslu og eðli hundsins, en hann gæti verið mjög æstur í að finna fígúrantinn. Hundurinn getur gelt svo hátt og ákaft að ókunnugir gætu talið hegðunina vera ógnandi. Sem fígúrant ættir þú ekki að vera smeykur yfir þessari hegðun! Yngri hundar geta orðið það æstir í að finna að þeir reyna að ná taki á fígúrantinum og ætla að skila honum til eigandans. Í huga hundsins er þetta svipað og að sækja og skila priki eða leikfangi. Þess vegna er mjög mikilvægt að benda ekki á hundinn, sérstaklega á þetta við um hvolpa, og ef hann er þekktur fyrir að vera mjög orkuríkur ætti að hafa í huga að verja andlitið með höndunum og að vera með hanska.

Það hefur komið fyrir að hundur glefsi í fígúrantinn. Ef það gerist skaltu láta eigandann og leiðbeinandann strax vita af því. Alls ekki slá hundinn ósjálfrátt þar sem það gæti gert hundinn óruggan þannig að hann verði hræddur við að finna í framtíðinni.

Það er mjög líklegt að það verði gengið yfir þig, rúllað yfir þig, sleiktur eða - stöku sinnum - pissað á þig. Einnig þarf einnig að tilkynna þessa hegðun svo hægt sé að leiðrétta hana á byrjunarstigi áður en hegðunin er orðinn slæmur ávani.

Nokkur orð um samlokur. Labradorar og retrieverar geta stolið nestinu úr höndunum á þér. Ef það eru engar samlokur geta þeir eytt góðum tíma í að leita að molum og afgangum. Þeir líta sennilega á það sem verðlaun fyrir að vera svo duglegir að veiða. Reyndu að vera tilbúinn þegar hundurinn kemur, með nestið á góðum stað í bakpokanum, og reyndu að passa upp á að molar og afgangar séu ekki á svæðinu. Nestisstuldur er ekki algengur hjá Border Collie.

Að gefa hundinum smá nestisbita eftir að hann hefur fundið þig og vísað eigandanum til þín

er annað mál, en mikilvægt er að spyrja eiganda hundsins hvort hann sé sáttur við að hundurinn fái slík verðlaun.

P.S. Eigendurnir eru nærri alltaf ánægðir með samlokur/súpu/og annað góðgæti

P.P.S Ef eigendurnir fara að sleikja þig, pissa á bakpokann þinn eða stela samlokunni, er rétt að fá ráð hjá sálfræðingi ;0)

## Fígúrantar aðstoða við markeringu

### Gelt-hundur

Í byrjun þjálfunar getur hvolpurinn þurft hvatningu frá fígúrantinum til að láta hann markera. Eigendur hafa fundið allskonar aðferðir til að láta hundana sína gelta. Vertu ekki hissa ef þú ert beðinn um að:

- Kreppa hnefann.
- Endurtaka orðið „gelta“ með háum tón (það er enginn annar að hlusta á þig).
- Veifa uppþvottabursta eða ryksugu upp í loftið.
- Sýna hundinum bolta, leikfang, ólýsanlegan hlut, en án þess að skilja við hann.
- Vendu þig á stellinguna „stilla vídeoið“ eða
- Sambland af einhverju ofantöldu auk einhvers annars.

Þú verður að gera hvað sem er til að láta hundinn gelta!!

Eftir því sem hundurinn verður eldri fer hann að gelta á þig án þessarar hvatningar. Fígúrantar verða að vera vel vakandi yfir hversu mikla hvatningu hundurinn þarf í hvert skipti og veita þeim umbun á réttum tíma til þess að ná þeim árangri sem stefnt er á.

Á endanum (eins og t.d alltaf þegar hundur er í prófi) á hundurinn að gelta á fígúrantinn án hvatningar. Fígúrantinn liggur þá kyrr þar til hundurinn hefur vísað eigandanum á fígúrantinn.

### Bringsel-hundur

Ef hundurinn markerar með bringseli er byrjað að æfa hundinn með lausum bitkubbi, t.d. slöngu eða kubb hjá fígúrantinum. Fígúrantinn þarf þá að halda kubbnum þannig að hundurinn sjái kubbinn og þurfi að beygja sig eftir honum. Ef hundurinn tekur ekki kubbinn fljótlega upp í sig, til að skila til eigandans, gæti fígúrantinn þurft að vekja athygli á kubbnum eða setja hann upp í hundinn.

Á seinni stigum þjálfunarinnar fer bringsel hundurinn að vera með fast bit, bringsel utan um hálsinn. Þegar hundurinn finnur fígúrantinn er hann vanur að beygja sig niður til að sækja lausa bitið. Þegar hann kemur að fígúrantinum ætti hann að leita að lausa bitinu, beygja sig niður, og þá ætti bringselið sem er utan um hálsinn á honum að birtast. Hundurinn á þá að taka það upp í kjaftinn og skila til eigandans. Það er gott ef fígúrantinn lætur hendina liggja útrétta þegar hundurinn kemur, þá beygir hundurinn sig oftar en ekki til þess að hnusa af hendinni og bringselið ætti að birtast fyrir framan kjaftinn á honum. Fígúrantinn gæti þurft að ýta við bringselinu ef hundurinn virðist ekki ætla að taka það sjálfur í kjaftinn.

Mikilvægt er þó að gefa hundinum tíma til að átta sig á hvað hann eigi að gera. Fígúrantinn þarf því að vera vel vakandi og aðstoða hundinn á réttum tíma. Ekki er þörf á að aðstoða eldri bringsel hundana á þennan hátt.

## Leikföng

Til eru ýmsar gerðir af leikföngum fyrir hunda, og við notum þau óspart í þjálfuninni og sem verðlaun fyrir hundinn. Tístu-leikföng, tennisbolti, bolti í bandi, reipi, hundanammi, pylsur, skinka, lifrarpylsa og fleira er notað til að verðlauna hundinn þegar verkefninu er lokið með árangursríkum hætti. Hins vegar er misjafnt fyrir hverju hundarnir eru spenntir og því er nauðsynlegt að spyrja eigandann hvað hundurinn vill.

## Umhverfið

Við vitum ekki hvar næsta útkall verður og því verðum við að æfa í fjölbreyttu umhverfi. T.d. í fjallshlíðum, upp á heiðum, við kletta, í mýri eða við sjóinn. Þú sem fígúrant verður að passa upp á sjálfan þig í öllum þessum aðstæðum.

Á hverju leitarsvæði geta verið margar hættur: blautt gras, gjótur, laust grjót og hálka svo fátt eitt sé nefnt. Ef þú ert beðinn um að fara á ákveðinn stað, en þér finnst ekki öruggt að fara þangað (og til baka), þá verður þú að láta vita. Það verður tekið fullt tillit til þess og enginn er neyddur til að gera eitthvað sem hann er ósáttur við.

Ef þú ert ekki viss nákvæmlega hvar leiðbeinandinn vill að þú felir þig, ekki hika við að spyrja um frekari leiðbeiningar. Leiðbeinandinn reynir að setja fígúrantana á þannig staði að hundurinn fái sem mest út úr æfingunni og hún gangi fljótar fyrir sig ef fígúrantarnir þurfa ekki að færa sig ef þeir eru komnir á rangan stað. Mundu að fara aldrei út fyrir þau mörk leitarsvæðisins sem leiðbeinandinn gefur upp.

Í æfingaskyni er æskilegt að leitarsvæðið sé laust við lykt á jörðinni (spora-lykt). Við viljum helst ekki að hundurinn rekji sporin eftir jörðinni til að finna þig, hins vegar er það ekki heimsendir þó hann geri það. Þessvegna gæti leiðbeinandinn beðið þig um að ganga illskeyttar og lúmskar beygjur og lykkjur til að fara á einn ákveðinn stað. Þetta er ekki gert í þeim tilgangi að grenna þig, heldur er þetta mikilvægur þáttur í leitarþjálfuninni.

## Árangur

Hundarnir eru í leik sem þeir elska, og þeir elska sérstaklega að vinna leikinn. Við reynum yfirleitt að setja æfinguna þannig upp að hundurinn nái árangri og finni fígúrantinn áður en hann missir áhugann á leitinni eða gefist upp af þreytu. Ef æfingin lengist óeðlilega mikið og hundurinn (eða aumingja eigandinn) byrjar að veifa, gætir þú verið beðinn um að standa upp og sýna þig, eða gefa frá þér hljóð, til að ná athygli hundsins. Í svona tilfelli, sem kemur sjaldan upp, þarf að verðlauna hundinn sérstaklega vel eftir að hafa leyst þetta erfiða verkefni.

## Veðurfar, kuldi og heimferð

Í leitarþjálfun, sérstaklega með eldri hunda og í prófum, gætir þú þurft að vera á ákveðnum stað í langan tíma – jafnvel marga klukkutíma. Þegar þangað er komið gætir þú verið fundinn reglulega – eða aðeins einu sinni yfir daginn – eða þú gætir verið þar allan daginn og aldrei fundist. Þú ættir ekki að taka það nærri þér þó þú hafir ekki fundist! Það er ekkert persónulegt! Ástæðan gæti verið sú að lyktin berist í átt frá hundinum og eigandanum – t.d. alveg á ytri mörkum leitarsvæðisins. Það er mikilvægur hluti í prófi að sjá hvort allir hlutar leitarsvæðisins hafi verið leitaður, það er ekki þér að kenna ef þú finnst ekki!

Ef þú ert orðinn óbærilega kaldur og blautur, ekki pína þig áfram. Segðu næsta eiganda sem finnur þig að þú viljir komast út úr svæðinu, eða kallaðu í talstöðina. Þú fylgir þá eigandanum eftir að hann finnur þig eða þú verður beðinn um að ganga út úr svæðinu. Ekki bíða með að fara út úr svæðinu, ef þér líður illa, þar til það er um seinan! Þegar það er orðið dimmt er ekki

sniðugt að ganga um erfitt svæði kaldur og hrakinn. Það er betra að taka sér smá tíma og koma blóðrásinni af stað, hreyfa tærnar og fæturnar, áður en lagt er af stað út úr svæðinu.

Stundum fá fígúrantar tímasetningu um hvenær þeir eiga að koma út úr svæðinu, ef talstöðin skildi bila og þeir ekki finnast. Hinsvegar þarf að beita almennri skynsemi ef hundur er nálægt og í þann mund að finna þig, hvort ekki sé betra að bíða í nokkrar mínútur og klára æfinguna.

Mjög mikilvægt er að láta einhvern ábyrgan aðila vita af því að þú sért kominn út úr svæðinu heill á húfi og að það komist til skila til leiðbeinandans. Það væri ekki gott ef allir færu að leita af þér, ef þú værir síðan bara heima í baði. Það væri jafnvel verra ef eigendurnir myndu finna þig þar.

## Athyglissemi, upplýsingar og skrásetning

Allar upplýsingar varðandi þína upplifun á æfingunni getur komið að góðum notum fyrir leiðbeinandann/eigandann. Hafa verður í huga að mögulega hafi þeir ekki séð þegar hundurinn kom til þín. Kom hundurinn beint til þín og fann hann þig? Gelti hann á þig? Fór hann beint til eigandans og gelti á hann? Ef hundurinn fann þig ekki, var það vegna þess að vindurinn blés lyktinni í átt frá hundinum?

Athugaðu annað slagið vindstefnu og styrk. Besta skrásetningin er sú sem er skrifuð á blað, ef það er hægt miðað við aðstæður.

## Búnaður

- Handtalstöð
- Regnfatnaður
- Bivac
- Svefnpoki
- Einangrunardýna
- Nesti, heitir og kaldir drykkir
- Bók, tónlistarspilari
- Aukaföt: Flís, þurrir sokkar, húfa og vettlingar
- Sólarvörn, mýfluguvörn
- Blað og penni
- Pappírspurrkur

## Talstöðvar

Yfirleitt reynum við að láta fígúrantana fá talstöð með sér. Ef þú ert ekki viss hvernig hún virkar, þá verður þú að spyrja! Yfirleitt eru talstöðvarnar ykkar á annarri tíðni eða rás heldur en talstöð eigandans. Þannig að samskipti ykkar við leiðbeinandann eiga ekki að heyrast hjá eigandanum. Talstöðvarnar eru tiltölulega dýrar og því er mikilvægt að passa vel upp á þær og að þær blotni ekki:

- Fígúranti getur verið leiðbeint nákvæmlega á þann stað sem hann á að vera á.
- Fígúrant getur látið vita að honum sé kalt og vilji fara út úr svæðinu.
- Leiðbeinendur geta fært fígúrantana til á milli leita – bara svo að þér leiðist ekki.
- Hægt er að koma upplýsingum strax til skila t.d. „hundurinn gelti ekki á mig“.
- Það er æðislegt að hafa talstöð ef eitthvað fer úrskeiðis.

Talstöð í sendingu notar miklu meiri orku en talstöð sem aðeins hlustar. Hugsaðu áður en þú talar og hafðu skilaboðin stutt. Þú verður líka að gera grein fyrir þér og við hvern þú vilt tala. T.d. „Hrefna Ingimundur fígúrant Sigrún kallar“.

Hundar hafa góða heyrn, þú skalt því hafa talstöðina á sem minnsta mögulega hljóðstyrk, þó þannig að þú heyrir ef kallað er í þig. Að skila ekki talstöðinni í lok æfingar hefur í för með sér refsingu sem er ekki prenthæf.

## Snjóflóðaleit

Í grunninn er snjóflóðaleitin eins og sumarleitinn nema að markeringin og umhverfið er öðruvísi. Hvatningin fyrir hundana er sú sama, þ.e.a.s. verðlaunin, sem er leikur við ykkur fígúrantana.

Fígúrantinn er falinn í snjóholu (snjóhús sem er mokað í snjóinn og rúmar a.m.k. einn fígúrant og hund). Langoftast er holunni síðan lokað með því að moka fyrir gatið. Eigandinn þarf síðan að bíða í smá stund til að leyfa lyktinni að berast upp í gegnum snjóinn áður en farið er af stað í leit. Þegar hundurinn finnur lykt á hann að grafa stanslaust þar til hann er kominn ofan í holuna til fígúrantsins. Þá er mikilvægt að hundurinn fái verðlaun og leik fyrir vel unnin störf.

Athugið að hundurinn þarf ekki að gelta hjá fígúrantinum í snjóholunni eins og í sumarleitinni.

## Nokkur atriði til að hafa í huga þegar fígúrant er ofan í snjóholunni

- Ekki tala í talstöðina ef hundurinn er að grafa, þar sem honum gæti brugðið við að heyra hljóð undir snjónum.
- Ekki hafa kveikt á ljósi í holunni ef það er myrkur úti, þar sem hundurinn gæti þá farið að leita að ljósi í hvert skipti sem hann leitar og grefur í snjóinn.
- Reyndu að vera sem lengst frá gatinu sem hundurinn er að grafa, þannig að nægt pláss sé fyrir hundinn til að komast niður til þín.
- Ekki sýna nein viðbrögð eða hvetja hundinn áfram þar til hann er kominn niður til þín, nema að eigandinn biðji þig um að gera annað.
- Eins og í sumarleitinni skaltu passa upp á andlit og putta ef um er að ræða orku-mikinn, ungan, hund.
- Leiktu við hundinn og vertu æðislega skemmtilegur þar til hundurinn fer upp úr holunni eða eigandinn endar leikinn.
- Þegar eldri hundar eru að leita, sérstaklega í prófi, gæti eigandinn stungið snjóflóðastöng ofan í holuna þar sem hundurinn er að markera, vertu því vakandi yfir því til að forðast meiðsli en horfðu samt alls ekki upp í loftið til að sjá hvar stöngin kemur niður!
- Láta vita ef það fer illa um þig, ef kuldi eða bleyta hrjáir þig eða ef þú ert smeyk/ur.

## Í lokin

Sá tími sem fígúrantar gefa til að aðstoða við þjálfun björgunarhunds er gríðarlega mikilvægur. Án fígúranta yrði litlum árangri náð. Stundum þegar hundurinn hefur fundið fígúrantinn virðist eigandinn gefa hundinum mun meiri athygli og þakklæti en þér! Eigandinn er ekki vanþakklátur fyrir það óeigingjarna starf sem þú ert að gera til að aðstoða hann, vertu þolinmóður við hann/hana þar sem hann/hún er, eftir allt saman, aðeins mennsk.